

Lög

um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

1. gr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í Stjórnartíðindum skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku bóa til opinberra skipta og áskoranir um kröfuglýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum bóa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.

2. gr.

A-deild Stjórnartíðinda.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema annað verði ákveðið með lögum.

3. gr.

B-deild Stjórnartíðinda.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema með leyfi dómsmálaráðherra.

4. gr.

C-deild Stjórnartíðinda.

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti.

Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varð-
ar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna
menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

5. gr.

Vafamál um hvar birta skuli.

Vafamál um það hvar birta skuli atriði þau er í 1.–4. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt
eða eigi, ákveður dómsmálaráðherra.

6. gr.

Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út.

Skýlt er stjórnvöldum að fá útgefanda handrit af hverju því sem afgreitt hefur verið og
birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

Dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða. Einnig
getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirt-
ingablaðs lýtur.

7. gr.

Heimild til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli, að hluta
eða í heild, eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Við rafræna útgáfu skal tryggja
öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Rafrænni
útgáfu Lögbirtingablaðs skal hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið sé í veg
fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Við rafræna útgáfu skal
útgáfudagur tilgreindur.

Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem
flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir
sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða
fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir
rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur rík-
issjóðs.

Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og
Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd.

8. gr.

Réttaráhrif birtingar.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slík-
um ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram,
nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti
þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku
þeirra.

Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda
þar sem fyrirmælin voru birt ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr.
64/1943, með síðari breytingum.

Samþykkt á Alþingi 2. mars 2005.